

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 13. nóvember 2019

Mál nr. E-813/2018:

Reza Moradi

(Auður Björg Jónsdóttir lögmaður)

gegn

Júlíusi S. Fjeldsted

(Guðmundur Birgir Ólafsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið þann 16. október 2019, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með stefnu birtri þann 12. september 2018.

Stefnandi er Reza Moradi, kt. 000000-0000, Marargrund 14, 210 Garðabæ.

Stefndi er Júlíusi S. Fjeldsted, kt. 000000-0000, Laufásvegi 10, 101 Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi greiði honum skaðabætur að fjárhæð 3.000.000 króna, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 2.500.000 krónum frá 9. nóvember 2017 til 15. nóvember 2017, en af 3.000.000 króna frá 15. nóvember 2017 til þess dags sem stefna var birt, en frá þeim degi dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu, að teknu tilliti til framlagðs málskostnaðaryfirlits og skyldu til greiðslu virðisaukaskatts.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins að teknu tilliti til greiðslu virðisaukaskatts.

Málsatvik:

Stefnandi sá auglýsingu í Fréttablaðinu frá verktaka sem tæki að sér jarðvinnu og vinnu við tréverk og hafði samband við fyrirsvarsmann félagsins, stefnda. Með tölvupósti, dags. 8. nóvember 2017, frá stefnda f.h. einkahlutafélags hans, Múrum og smíðum ehf., var stefnanda gert tilboð í framkvæmdir við fasteign stefnanda að Marargrund 14 í Garðabæ. Fólst tilboðið í stórum dráttum í því að fjarlægja bárujárn og þakrennur af húsinu og setja nýtt, einnig fólust í tilboðinu breytingar á þakkanti og fyrirkomulagi þakrenna, að leggja drenrör kringum húsið, og að lokum yrði lóðin

grófjöfnuð. Fast verðtilboð nam 4.500.000 krónum, og áætlaður verktími ca. 15-20 dagar með fyrirvara um veður.

Samkvæmt því sem fram kom í skýrslu stefnanda fyrir dómi mætti stefndi næsta dag, eða 9. nóvember 2017, með vinnuvél og flokk manna og hóf að grafa fyrir drenlögnum kringum húsið. Bar stefnandi að stefndi hefði þá komið til sín og sagst geta lokið verkinu mun fyrr eða fyrir 1. desember 2017 ef stefnandi greiddi honum 2.500.000 krónur inn á verkið.

Samkvæmt gögnum málsins greiddi stefnandi Múrum og smíðum ehf. 2.500.000 krónur þann sama dag, þar sem fram kom að um væri að ræða innborgun skv. samkomulagi. Óumdeilt er að ekkert var unnið í verkinu af hálfu félagsins Múrum og smíðum ehf., annað en það sem framkvæmt var þennan eina dag 9. nóvember 2017.

Stefnandi kvaðst hafi sett sig í samband við stefnda eftir þetta sem hafi óskað eftir því að hann myndi leggja 500.000 krónur til viðbótar inn á verkið til kaupa á efni, og þá gæti hann lokið því enn hraðar. Stefnandi greiddi inn á reikning félagsins Múrum og smíðum ehf. þann 16. nóvember 2017, 500.000 krónur með sömu skýringu og áður, að það væri skv. samkomulagi. Eftir þetta kveðst stefnandi hafi reynt að hringja í stefnda sem hafi aldrei svarað honum fyrir utan eitt skipti þegar stefndi hafi svarað og verið reiður og spurt hvað stefnandi væri að ónáða hann.

Þann 18. janúar 2018 ritar lögmaður stefnanda bréf til félagsins Múrum og smíðum ehf., þar sem lýst var yfir riftun samnings með vísan til 21. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000.

Félagið Múrum og smíðum ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 18. apríl 2018, en frestdagur var þann 16. janúar 2018, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaði 24. apríl 2018. Stefnandi lýsti kröfu að fjárhæð 3.517.327 krónur í þrotabúið með vísan til 109. og 110. gr. laga nr. 21/1991, sem móttekin var hjá skiptastjóra þann 4. júní 2018.

Í tölvupósti frá skiptastjóra til lögmanns stefnanda, dags. 17. ágúst 2018, kemur fram að árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá félaginu þann 18. október 2017, og að þann 9. nóvember 2017 hafi verið millifærðar af reikningi félagsins inn á reikning stefnda 1.600.000 krónur, og 60.000 krónur þann 11. nóvember 2017. Þann 15. nóvember 2017 hafi með sama hætti verið millifærðar 350.000 krónur. Fyrir dómi bar skiptastjóri að hafa sent málið til héraðssaksóknara með vísan til 84. gr. laga nr. 21/1991. Þann 10. október 2018 mætti stefndi í skýrslutöku hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, grunaður

um fjárvik. Upplýst var við aðalmeðferð málsins að mál stefnda væri enn til rannsóknar hjá lögreglu.

Stefnandi óskaði þess að dómkvaddur yrði matsmaður til að meta hvort veður hafi gert það ómögulegt að vinna verkið á grundvelli fyrirbyggjandi sammings, á tímabilinu 8. nóvember 2017 til 18. janúar 2018, og að metið yrði hversu stórum hluta verksins hafi verið lokið og verð þess, og hver væri kostnaður við að ljúka verkinu. Var Dagbjartur Helgi Guðmundsson byggingarverkfræðingur fenginn til þess að annast matið. Matsgerð hans, dags. í júní 2019, var lögð fram í dóminum þann 4. september 2019.

Stefnandi lagði auk framangreindra gagna fram afrit reikninga frá garðþjónustu, og afrit upphaflegs tilboðs um verkið frá Múrum og málum ehf. að fjárhæð 6.300.000 krónur.

Stefnandi gaf aðilaskýrslu fyrir dómi. Vitnaskýrslur gáfu Dagbjartur Helgi Guðmundsson matsmaður, Karl Georg Ragnarsson byggingatæknifræðingur, og Birgir Már Björnsson, skiptastjóri þrotabús Múrum og málum ehf., gaf skýrslu sína í gegnum síma.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi byggir á því að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna blekkinga og svika stefnda. Ljóst megi vera að ekki hafi staðið til hjá stefnda að vinna það verk sem hann hafi krafist um greiðslu fyrir, og hafi notað fyrirtæki sitt sem sammingsaðila til málamynda, vitandi að það væri á leið í gjaldþrot og að hann bæri aðeins takmarkaða ábyrgð á félaginu. Stefnda hafi verið fullkunnugt um ógjaldfærni félags síns og að aðeins væri spurning um daga eða vikur í að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Stuttu fyrir tilboðið sem stefndi hafi sett fram í nafni einkahlutafélags síns, eða þann 18. október 2017, hafi að beiðni Tollstjóra verið gert árangurslaust fjárnám hjá félaginu. Í framhaldi þess hafi stefndi blekkt stefnanda til þess að greiða 3.000.000 króna á þeirri forsendu að hann myndi fara í framkvæmdir á fasteign hans um hæl, og að þeim yrði lokið fyrir 1. desember 2017. Stefnandi telur sýnt að það sé stefndi persónulega sem hafi tekið ákvörðun um að inna verkið ekki af hendi, þrátt fyrir að hafa þegar krafist stefnanda um greiðslu fyrir það.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi verið einn eigandi félagsins Múrum og málum ehf., eini stjórnarmaður þess og framkvæmdarstjóri og að hann hafi tekið allar ákvarðanir fyrir félagið, og að öll samskipti hafi verið við hann. Stefnandi hafi þannig

greitt 3.000.000 króna inn á verkið án þess að umsamið verk hafi verið unnið eða að til hafi staðið að vinna það.

Stefnandi telur ljóst að svik og blekkingar stefnda séu brot gegn almennum hegningarlögum, einkum 243. gr. og 248. gr. þeirra laga.

Skaðabótaskyldu stefnda byggir stefnandi á því að jafnvel þótt verksamningur hafi verið gerður við einkahlutafélag stefnda þá hafi öll samskipti verið við stefnda persónulega og ljóst sé að lögaðili geti ekki blekkt eða beitt svikum, heldur sé við einstaklinginn að baki að sakast. Auk þessa hafi stefndi auðgast á svikunum, enda staðfest af skiptastjóra félagsins að sama dag og stefnandi hafi greitt 2.500.000 krónur inn á reikning félagsins hafi stefndi tekið 1.600.000 krónur út af sama reikningi og tveimur dögum síðar 60.000 krónur. Þann 15. nóvember 2017 hafi stefnandi greitt 500.000 krónur inn á reikning félagsins og stefndi þá tekið út 350.000 krónur. Ljóst megi vera að stefndi hafi þannig auðgast á brotinu, en verði auðgunartilgangur hans ekki viðurkenndur megi líta til 261. gr. almennra hegningarlaga. Stefnandi telur ljóst að það hafi aðeins verið í auðgunartilgangi og til málamynda, eða til að komast hjá kröfu um endurgreiðslu, sem stefndi hafi gert tilboðið í nafni einkahlutafélags síns. Ekki sé hægt að komast hjá refsingu með því einu að láta fjármunina fara í gegnum bankareikninga félagsins, enda sé ljóst hver hinn brotlegi sé.

Stefnandi bendir á að takmörkuð ábyrgð einkahlutafélaga, skv. 1. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, merki að enginn félagsmanna beri persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Það fríi þó ekki eigendur og stjórnarmenn sem noti félagið sem lepp í fjárvikabroti refsí- og skaðabótaábyrgð, sbr. t.d. ákvæði laganna um refsí- og skaðabótaábyrgð stjórnenda, hluthafa o.fl., vegna brota á lögnum, sbr. XV. og XVIII. kafla þeirra.

Stefnandi byggir á því að sé ekki fallist á bótaskyldu stefnda á þeim forsendum sem að framan greinir, sé byggt á því að stefndi hafi brotið gegn 2. mgr. 128. gr. laga um einkahlutafélög. Þar komi fram að ef sá sem stjórn einkahlutafélagi greini vísvitandi rangt eða villandi frá efnahag félagsins í bréfum til viðskiptamanna, varði það sektum eða fangelsi allt að einu ári. Rétt um þremur vikum áður en stefndi hafi fengið stefnanda til að inna framangreindar greiðslur af hendi, hafi verið gert árangurslaust fjárnám hjá félaginu, og ljóst í hvað stefndi. Ekkert hafi verið greitt inn á skuld Tollstjóra en krafa hans hafi numið 10.326.028 krónum. Telur stefnandi að með því að tilkynna honum ekki um að árangurslaust fjárnám hafði þá nýlega verið gert, þá falli það undir rangar

upplýsingar. Í besta falli mætti segja að það hafi verið villandi að skýra ekki frá stöðu félagsins í ljósi þess að stefndi hafi krafist fyrirframgreiðslu. Stefnandi telur sýnt að tjón hafi a.m.k. numið þeim 3.000.000 króna sem hann hafi greitt fyrir verk sem hafi ekki verið unnið.

Stefnandi vísar til hinnar almennu sakarreglu. Við mat á ólögmati megi m.a. vísa til almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Vaxtakrafa stefnanda byggist á vöxtum af skaðabótakröfu með vísan til 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, en dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laganna er krafist frá því að stefna var birt stefnda með vísan til 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, sbr. einnig 93. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991, sérstaklega 129. og 130. gr., og um varnarþing til 32. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi telur ljóst að hann hafi ekki verið dæmdur fyrir þá refsiverðu háttsemi sem honum sé gefin að sök í stefnu. Sú meginregla gildi um meðferð mála sem varði refsiverða háttsemi að það sé ákærvaldsins að sanna sök, og að slík mál séu rekin sem sakamál. Því beri dómara að skoða sérstaklega hvort 2. mgr. 24. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 eigi við, sem varði frávísun ex officio.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því að kröfur stefnanda og þær ávirðingar sem á hann séu bornar eigi ekki við nokkur rök að styðjast. Það verði ekki lagt á stefnda að sanna sakleysi sitt fyrir ávirðingum um refsiverða háttsemi í einkamáli, enda sé sönnunarstaðan allt önnur. Bótakrafa stefnanda byggist einvörðungu á því að stefndi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi. Allar slíkar ávirðingar séu ósannaðar og verði ekki útkljáðar í einkamáli með þeim hætti sem það sé lagt upp í stefnu. Því beri að sýkna stefnda.

Stefndi bendir á að hann hafi verið forsvarsmaður fyrirtækis sem hafi samið um verkið. Eins og lög um einkahlutafélög nr. 138/1994 kveði á um, þá beri forsvarsmenn fyrirtækja ekki persónulega ábyrgð á starfsemi einkahlutafélaga. Kröfum vegna hugsanlegs tjóns eða vanefnda beri að beina gegn viðsemjanda stefnanda, sem sé einkahlutafélagið sjálft. Stefnda sé því ranglega stefnt og því beri að sýkna hann vegna aðildarskorts. Ef stefnandi telji sig hafa orðið fyrir tjóni vegna verksamningsins þá beri honum að beina kröfum sínum að fyrirtækinu en ekki forsvarsmanni þess.

Stefndi bendir á að þegar samningur aðila hafi verið gerður hafi stefnda ekki verið kunnugt um fyrirtöku aðfararbeiðni frá Tollstjóra, sem hafi byggst á áætlun, að hann best muni. Hann hafi því ekki haft hugmynd um að gert var árangurslaust fjárnám, enda hafi hann enga tilkynningu fengið um það. Þótt árangurslaust fjárnám hefði verið gert áður en verksamningur aðila hafi verið gerður, þá sé ekkert saknæmt við það. Sé því alfarið hafnað að bótakrafa stefnanda á hendur stefnda geti byggst á því. Það sé altítt, þó svo að árangurslaust fjárnám sé gert, að það leiði ekki sjálfkrafa til þess að menn stöðvi atvinnustarfsemi sína. Alkunna sé að þótt gjaldþrotaskiptabeiðni hafi verið lögð fram, þá fái menn frest til þess að vinna úr sínum málum og halda rekstri áfram á meðan. Það sé ekki fyrir en félag hafi verið úrskurðað gjaldþrota sem menn missi stjórnunarrétt sinn á félaginu.

Stefndi hafnar því alfarið að hann hafi auðgast persónulega, enda hafi allar greiðslur stefnanda verið lagðar inn á reikning félagsins en ekki hann persónulega. Eftir að greitt hafi verið inn á verk þá sé einstökum verkum ekki haldið aðskildum í reikningum, enda engin skylda til þess. Hvað hafi verið greitt af reikningum félagsins, eftir að samningur aðila þessa máls hafi verið gerður, sé þessu máli óviðkomandi.

Stefndi hafnar bótakröfu stefnanda á þeim forsendum að félaginu Múrum og málum ehf. hafi ekki verið gefinn kostur á því að klára verkið, heldur hafi stefnandi sett fram skilyrði fyrir áframhaldandi vinnu með kröfu um tryggingar sem félagið gat ekki og hafi ekki verið skylt að verða við. Stefnandi hafi því getað sjálfum sér um kennt að verkið hafi ekki verið klárað og geti hann með engum rökum velt þeirri ábyrgð yfir á stefnda persónulega. Hafa verði í huga að þeir verkþættir, sem fram hafi komið í tilboðinu, hafi verið verulega háðir veðri, bæði jarðvegsvinnan og þakviðgerð. Ljóst sé að slík verk séu almennt ekki unnin að vetri til, og mátti stefnandi alltaf búast við að verkinu seinkaði, þrátt fyrir góðan vilja að ljúka því.

Stefndi bendir jafnframt á að félagið Múrum og málum ehf. hafi unnið stóran hluta verksins, eða alla jarðvinnu, sem ekki hafi verið tekið tillit til við kröfugerð, og sé hið meinta tjón ósundurgreint. Megi ætla að það sem þegar hafi verið unnið nemi að verðmæti um tveimur milljónum króna. Stefndi kveðst mótmæla vaxtakröfu stefnanda sérstaklega.

Um lagarök er vísað til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði og til laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Forsendur og niðurstaða:

Stefndi krefst sýknu á grundvelli aðildarskorts, enda sé stefndi ekki viðsemjandi stefnanda, heldur einkahlutafélagið Múrum og málum ehf.

Krafa stefnanda byggist á því að hann eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda, vegna tjóns sem stefndi beri ábyrgð á, með vísun til hinnar almennu sakarreglu. Að mati dómsins getur meint háttsemi stefnda og möguleg skaðabótaskylda hans komið til úrlausnar dómsins, þótt samskipti aðila megi að öðru leyti rekja til verksamnings sem gerður var á milli stefnanda og félags í eigu stefnda. Er kröfu stefnda um sýknu á forsendum aðildarskorts hafnað með vísan til þessa.

Rétt þykir að taka það sérstaklega fram að mál þetta er einkamál en ekki sakamál, og í dóminum verður í engu slegið föstu um það hvort einstakar gjörðir stefnda felí í sér brot á almennum hegningarlögum eða séu af öðrum ástæðum refsiverðar.

Stefndi hefur kosið að láta málið ekki til sín taka með þeim hætti að gefa ekki skýrslu fyrir dómi. Verður því um málsatvik að byggja á frásögn stefnanda og vitna fyrir dómi og fyrirbyggjandi gögnum.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi gerst sekur um fjársvik með því að blekkja hann til þess að greiða verulega inn á verkið, og gefa stefnanda í skyn að þá yrði það unnið hratt og örugglega. Um leið og stefnandi hafi greitt hafi stefndi ekki látið sjá sig aftur, eftir að hafa unnið í verkinu í einn dag. Þá hafi stefndi í engu svarað stefnanda þegar stefnandi hafi reynt að ná sambandi við hann síðar.

Árangurslaust fjárnám var gert hjá félaginu Múrum og smíðum ehf. þann 18. október 2017, sem leiddi til gjaldþrots félagsins þann 18. apríl 2018, en frestdagur skiptanna var 16. janúar 2018. Lýstar kröfur í þrotabúið námu samtals 22.062.918 krónum, þar af námu forgangskröfur launa 4.969.205 krónum. Fram kom í skýrslu skiptastjóra þrotabúsins fyrir dóminum að yfirlit yfir bankareikninga félagsins sýndi að stefndi hefði með reglubundnum hætti fært bróðurpartinn af innborgunum sem bárust inn á reikninga félagsins yfir á sig, og yfirleitt sama dag og þær bárust. Hefði stefndi gefið skiptastjóra þá skýringu að hann hefði verið að greiða reikninga fyrir félagið en einnig hafi hann séð um launagreiðslur til starfsmanna félagsins. Þá hefði komið fram í skýrslutöku hjá skiptastjóra að stefndi hefði alfarið komið einn að rekstri félagsins.

Af framangreindu þykir ljóst að stefnda mátti vera ljós slæm fjárhagsstaða félagsins á þeim tíma sem verksamningur var gerður á milli stefnanda og félags stefnda, og að stefndi hafi einn tekið allar ákvarðanir f.h. félagsins.

Í verksamningnum áætlað stefndi verktíma ca. 15-20 daga með fyrirvara um veður. Er á því byggt af hálfu stefnda að eftir að verkið hófst hafi veður gerst válynd og ekki hafi verið hægt að ljúka verkinu vegna frosts í jörðu, auk þess sem verkið hafi verið þess eðlis að ekki hafi verið hægt að fara í þakviðgerðir í erfiðum veðrum. Þetta hafi stefnandi verið upplýstur um. Þá hafi félaginu ekki verið gefinn kostur á því að ljúka verkinu þar sem stefnandi hafi sett skilyrði um tryggingu þann 15. mars 2018, sem félagið gat ekki orðið við. Alkunna sé að þrátt fyrir að árangurslaust fjárnám hafi verið gert þá haldi rekstur áfram, og allt til þess að félagið sé sett í gjaldþrot.

Ekkert í gögnum málsins styður þá málsástæðu stefnda að veður hafi verið það válynd að ekki hafi mátt vinna í verkinu, sérstaklega þeim hluta verksins sem snéri að jarðvinnu, en lúkning þess verks var forsenda fyrir því að setja mætti upp palla við húsið til þess að vinna í þaki og þakkanti. Þá hefur stefnandi lagt fram matsgerð þar sem fram kemur að ráða megi af upplýsingum um veðurfar frá 8. nóvember 2017 til 18. janúar 2018 að veðurfar hafi ekki verið óhagstætt á þessum tíma miðað við árstíma, og hefði ekki átt að hamla verkinu, sérstaklega ekki frágangi á drenlögnum. Því mati hefur ekki verið hnekk.

Ekkert í gögnum málsins styður þá málsástæðu stefnda að hann hafi á einhverjum tíma upplýst stefnanda um að ekki væri hægt að halda verkinu áfram sökum veðurs og gegn neitun stefnanda er ósönnuð sú mótbára stefnda að ekki hafi verið hægt að vinna í verkinu sökum þess að stefnandi hefði krafið stefnda um tryggingu.

Eftir að stefnandi rifti verksamningnum þann 18. janúar 2017 mun stefndi hafa sett sig í samband við lögmann stefnanda og óskað eftir því að ljúka verkinu en hafi þrátt fyrir það ekki látið sjá sig. Undir vorið 2018 hafi af hálfu stefnda aftur verið lýst yfir vilja hans til þess að ljúka verkinu en stefndi aldrei mætt. Félagið Múrum og málum ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 18. apríl 2018, en af því sem fram er komið af hálfu stefnda hefði mátt vinna í verkinu fram til þess dags, og vetrarveður hefðu þá ekki átt að standa verkinu í vegi.

Stefnandi greiddi fyrirfram 3.000.000 króna inn á verkið, með þeirri skýringu að það hafi verið samkvæmt samkomulagi. Stefnandi hefur borið að þetta hafi verið gert að beiðni stefnda, og að stefndi hafi þá lofað að verkið yrði unnið fljótt. Hefur sú fullyrðing stefnanda ekki verið hrakin af hálfu stefnda, og verður við það að miða. Að mati dómsins verður með hliðsjón af öllu framangreindu að meta háttsemi stefnda eftir framkomnar

greiðslur með þeim hætti að aldrei hafi staðið til að ljúka verkinu, en ákvörðun þess efnis gat samkvæmt því sem fram er komið eingöngu hafa verið tekin af honum.

Samkvæmt venjum um verktakavinnu er greitt eftir því sem verkinu miðar áfram nema að um efniskaup sé að ræða. Um óvenjulega greiðslutilhögun var því að ræða og stefndi hefur engin gögn lagt fram um kaup á efni. Stefnandi hefur lagt fram matsgerð, sem hefur ekki verið hrakin, og verður hún að mati dómsins lögð til hliðsjónar við úrlausn málsins, þar sem fram kemur að meta megi það verk sem unnið var þann 9. nóvember 2017 á 950.000 krónur.

Með vísan til alls framangreinds þykir sannað að stefndi hafi með ólögum og saknæmum hætti valdið stefnanda skaðabótaskyldu tjóni. Nemi tjón stefnanda því sem hann greiddi fyrirfram að beiðni stefnda að frádregnu framangreindu mati á því verki sem unnið var, og sé tjón stefnanda því 2.050.000 krónur. Verður stefnda gert að greiða stefnanda þá fjárhæð, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 15. nóvember 2017 til 12. september 2018, en frá þeim degi dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 til greiðsludags.

Eftir framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn að mati dómsins, að meðtöldum virðisaukaskatti, 1.000.000 króna.

Bogi Hjálmtýsson sem dómsformaður, ásamt meðdómendum þeim Þorsteini Davíðssyni héraðsdómara og Hjalta Sigmundssyni byggingatæknifræðingi, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Júlíus S. Fjeldsted, greiði stefnanda, Reza Moradi, 2.050.000 krónur, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 15. nóvember 2017 til 12. september 2018, en frá þeim degi dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson

Þorsteinn Davíðsson

Hjalti Sigmundsson